

Umhverfismat



Gátlisti fyrir mið- og elstastig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað hnattrænt réttlæti í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að krakkar á mið- og unglíngastigi framkvæmi matið með aðstoð kennara. Við hverja spurningu er mynd til að leiðbeina um hvernig best er að framkvæma matið.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu








Nú þegar gert í skólastarfinu

Hnattrænt réttlæti



Hugur þekking









Viti þið hvað hnattrænt réttlæti þýðir? 			
Lærið þið um aðstæður fólks sem býr til vörur sem við kaupum t.d. varðandi aldur, laun, vinnuaðstæður 			
Er fjallað um fjölbreytni fólks í heiminum t.d. varðandi trú, skoðanir o.fl.? 			
Hafið þið skoðað hversu stórt vistspor fólks er, eftir því hvar það býr í heiminum? 			
Lærið þið um réttindi barna, s.s. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna? <ul style="list-style-type: none">• Er unnið með barnasáttmálann með einhverjum hætti innan skólans, t.d. þemaverkefni eða annað? 			



Hjarta skólinn og samfélagið



 <p>Er unnið með hugtökin jafnrétti og réttlæti t.d. jafnrétti og réttlæti á milli heimshluta, kynslóða, þjóðfélagshópa o.fl.?</p>			
 <p>Er skólinn í samstarfi við samtök sem sinna málefnum fólks annars staðar í heiminum, Rauða krossinn, UNICEF, SOS eða annað?</p>			
 <p>Er skólinn, eða nemenda-hópar innan skólans, í samskiptum við nemendur annars staðar í heiminum?</p>			
 <p>Vita nemendur frá hvaða þjóðum nemendur skólans eru?</p>			
 <p>Er tekið tillit til mismunandi menningarheima nemenda á einhvern hátt t.d. með kynningum, tungumálanámi o.fl.</p>			
 <p>Hafið þið fræðst um aðstæður þeirra sem framleiða vöru t.d. aldur, laun og vinnuaðstöðu.</p>			



Hendur aðgerðir



 <p>Vinna nemendur verkefni sem tengjast neyslu og áhrifum þeirra út fyrir Ísland?</p> <ul style="list-style-type: none">• Er þá reynt að hvetja til ábyrgari neyslu með markvissum hætti			
 <p>Reynir skólinn að kaupa vörur sem eru merktar sanngjörnum viðskiptum (fair trade)?</p> 			
 <p>Hafa nemendur beitt sér með einhverjum hætti í réttindamálum fólks, hér á landi eða annars staðar, sem býr við ójafnrétti?</p>			
 <p>Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við hnattrænt réttlæti?</p>			
 <p>Eru aðgerðir eða verkefni innan skólans sem miða að því að bæta kjör fólks annars staðar í heiminum?</p>			



Eru unninn verkefni þar sem aðstæður fólks í heiminum eru skoðaðar t.d. heilbrigðiskefrfi varðandi húsnæði, mat,

Til umræðu:

- Vitið þið að það eru til krakkar í heiminum sem lifa lífi sem er gjörólíkt því sem við þekkjum? Þau búa í öðruvísi húsum, tala önnur tungumál, hafa aðra trú, skoðanir, fjölskyldugerð o.fl.
- Vitið þið að sumir krakkar í heiminum fá ekki að fara í skóla?
- Vitið þið að sumir krakkar í heiminum fá ekki að fara til læknis ef þau eru veik?
- Vitið þið að sumir krakkar þurfa að vinna til að fjölskyldan þeirra hafi efni á mat og húsnæði?
- Vitið þið að sumir krakkar þurfa að ganga langar leiðir til að ná í drykkjarvatn fyrir sig og fjölskyldu sína?
- Hvað getum við lært af þessum krökkum og því lífi sem þau lifa?
- Getum við gert eitthvað hér á Íslandi til að bæta aðstæður barna, bæði á Íslandi og annars staðar í heiminum?
- Takið ykkur smá tíma í að hugleiða hvað er það mikilvægasta í ykkar lífi. Ræðið það svo við samnemendur ykkar.

Markmið og aðgerðir innan þemans hnattrænt réttlæti

